



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/40
komudagur 25.10.2013

Reykjavík, 23. október 2013

Efni: Frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014

Umsögn um frumvarp til Breytingar á lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, 17. gr.

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samtök sprotafyrirtækja skila sameiginlegri umsögn um þennan lið í frumvarpinu.

Í frumvarpinu felst að lækka á rétt á sérstökum frádrætti frá álögðum tekjuskatti, samkvæmt lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, með síðari breytingum, sem nemur 20 hundraðshlutum af útlögðum kostnaði við rannsóknar- eða þróunarverkefni í 15 hundraðshluta.

Framangreind samtök mótmæla þessari breytingu harðlega og telja að í henni felist röng skilaboð til fyrirtækja í öllum atvinnugreinum sem leggja stund á nýsköpun og þróunarstarf. Samtökin benda á að öflugt þróunarstarf fyrirtækja er megin forsenda aukinnar verðmætasköpunar, aukins útflutnings og fjölgunar starfa í íslensku atvinnulífi.

Samtökin telja að breytingin sé í mótsögn við stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar og geri Ísland minna aðlaðandi fyrir framsækið fólk og fyrirtæki í nýsköpun, á sama tíma og við megum síst missa fleira fólk og fyrirtæki úr landi.

Samtökin benda á að áhrifin á greiðslustöðu ríkissjóðs skv. núgildandi lögum eru í raun jákvæð, þar sem fyrirtækin þurfa sjálf að leggja út allan kostnaðinn fyrirfram, en fá 20% af honum endurgreiddan í gegnum skattauppgjör, 1-1½ári seinna. Langstærsti hluti kostnaðarins eru greidd vinnulaun. Skatttekjur ríkissjóðs af þessum launakostnaði gerir gott betur en að greiða frádráttinn sem fyrirtækin fá, löngu áður en til greiðslu úr ríkissjóði kemur. Með því að draga úr (20% í 15%) hvata fyrirtækja til að stunda rannsóknir og þróunarstarf er ekki aðeins verið draga úr verðmætasköpun, útflutningi og fjölgun starfa í fyrirtækjum til lengri tíma, heldur er einnig dregið úr skatttekjum ríkissjóðs til bæði skamms og langs tíma.

Samtökin skora því á ríkisstjórn og Alþingi að hverfa frá þessari breytingu og snúa frekar vörn í sókn í harði samkeppni við nágrannaþjóðir um fólk og fyrirtæki í nýsköpun.

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins

f.h. Samtaka sprotafyrirtækja



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Greinargerð

Samtökin gera nánari grein fyrir afstöðu sinni í meðfylgjandi greinargerð.

Röng skilaboð

Það er ekki vænlegt til uppbyggingar, að skera niður þann þátt í starfsemi fyrirtækja á Íslandi sem leggur grunn að aukinni verðmætasköpun, útflutningi og fjölgun starfa á þeim tímavæðingum sem atvinnulífið á undir högg að sækja að ná sér eftir hrun fjármálakerfisins. Ísland á í harðri samkeppni við nærliggjandi lönd í austri og vestri að laða til sín framsækin fyrirtæki og hæft fólk til starfa. Skilaboð nágretta okkar eru einföld – ef fólk og fyrirtækjum á Íslandi líður ekki nógu vel heima hjá sér – þá eru þau velkomin til þeirra. Löndin í kringum okkur nota ýmsa skattalega hvata og markvissan stuðning við nýsköpun og þróunarstarf til að laða til sín framsækin fyrirtæki. Fyrir fyrirtæki frá Íslandi felur flutningur auk þess í sér þann augljósa kost að losna úr viðjum gjaldeyrishafta, nánari tengsl við markaðinn og aðgang að betra fjármögnunarumhverfi.

Sjá t.d.: www.novascotiabusiness.com/en/home/locate/sectorinfo/interactive/yourstudiohere.aspx

Í meðfylgjandi greinargerð er að finna nánari samanburð frá OECD milli landa í þessu sambandi.

Í mótsögn við stefnuvirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar

Eftirfarandi tilvitnanir í stefnuvirlýsingu ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins virðast vera í hróplegri mótsögn við umræddar breytingar á stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki:

„Unnið verður að víðtækri sátt við aðila vinnumarkaðarins um þróun vinnumarkaðar og uppbyggingu til framtíðar“.

„Stefna stjórnvalda skal stuðla að því að yngstu kynslóðirnar öðlist trú á framtíð lands og þjóðar og þá þekkingu og framfararþrá sem er grundvöllur hagsældar til framtíðar“.

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á að skapa skilyrði fyrir hagvöxt sem knúinn verður áfram af auknum útflutningi og bættri framleiðni hjá hinu opinbera og í einkageiranum.“

„Með stöðugu og skynsamlegu skattkerfi er unnt að hvetja einstaklinga til að nýta starfskrafta sína og fyrirtækin til að færa út kvíarnar, fjölga störfum og fjárfesta.“

„Ríkisstjórnin mun leggja kapp á að skapa starfsumhverfi sem ýtir undir fjárfestingu og fjölgun starfa, ekki síst hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Sérstök áhersla verður lögð á vöxt útflutningsgreina, nýsköpun og nýtingu vaxtartækifæra framtíðarinnar, auk þess að tryggja jafnræði gagnvart lögum.“

Í kaflanum um nýsköpun í stefnuvirlýsingunni er að finna eftirtaldar greinar:

„Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á nýsköpun í öllum atvinnugreinum. Nauðsynlegt er að auka framleiðni hér á landi og það er forsenda langtímahagvaxtar að skapa umhverfi sem hvetur til nýsköpunar í starfandi fyrirtækjum, opinberum rekstri og nýjum fyrirtækjum.“


„Gera þarf breytingar á skattalöggjöf til að gera þeim sem vinna að rannsóknum kleift að standa jafnfætis erlendri samkeppni og samstarfi. Þannig geta háskólar, fyrirtæki og einstaklingar notið þess sem þeir afla á sambærilegan hátt og gerist annars staðar“.

Samanburður OECD

Séu þau lönd innan OECD skoðuð sem náð hafa hvað lengst í uppbyggingu þróaðs atvinnulífs kemur í ljós að sá árangur hefur náðst með markvissri stefnumótun og

samstarfi stjórnvalda, fyrirtækja og samtaka þeirra með virkri þátttöku stoðkerfis háskóla, rannsóknastofnana, ráðgjafa, sjóða og annarra fjármögnunaraðila.

Í síðustu úttekt OECD á íslenska nýsköpunarkerfinu sem gerð var árið 2005, kemur fram að framlög til rannsókna- og þróunarstarfs í fyrirtækjum er hlutfallslega lægra hér á landi, en hjá öðrum OECD-löndum. Á mynd 1 sem fengin er úr skýrslu OECD má m.a. sjá að opinber framlög til rannsókna- og þróunarstarfs í Bandaríkjunum og Svíþjóð eru þreföld samanborið við Ísland. Annars staðar, t.d. á Spáni, í Mexíkó, Kanada, Portúgal, Hollandi, Japan og Noregi, hefur verið lögð rík áhersla á fjárhagslega hvata í tengslum við skattkerfið. Ísland var á þeim tíma eitt fárra OECD landa þar sem slíkar leiðir höfðu ekki verið farnar.



Mynd 1: Hér er borin saman opinber fjármögnun á r&þ starfsemi fyrirtækja (stjarna=SME og hringur=stór fyrirtæki) (BERD=Business Enterprises Research and Development) sem hlutfall af þjóðarframleiðslu (láréttur ás) og framlög í formi ýmis konar skattalegra hvata til að efla þróunarstarf í litlum fyrirtækjum (lóðréttur ás).

Ef dregin er lína, í gegnum þau lönd sem mest hafa gert í þessum efnum, þá var Ísland langt neðan við þessa línu ásamt Grikklandi, Sviss og Nýja-Sjálandi árið 2005. Með lögum nr. 152/2009, færðist Ísland upp að hlið Danmerkur og Noregs á lóðréttu ársnum en vantaði þá talsvert til að komast upp fyrir rauðu línuna til hægri eftir lárétta ársnum nær Noregi. Með eflingu Tækniþróunarsjóðs á fjárlögum 2013 var loks tekið skref í þessa átt. Með fjárlagafrumvarpinu 2014 er hins vegar hörfað til baka með lækkun á framlögum til Tækniþróunarsjóð og með þeim breytingum um sem hér um ræðir. Rétt er að geta þess að mörg lönd hafa á undanförunum árum enn verið að bæta sitt stuðnings- og hvatakerfi, þ.m.t. Svíþjóð, USA, Korea, Frakkland, Belgía, Írland, Holland svo nokkur dæmi séu tekin úr nýjustu skýrslu OECD.

http://www.keepeek.com/Digital-Asset-Management/oecd/science-and-technology/oecd-science-technology-and-industry-scoreboard-2013_sti_scoreboard-2013-en#page1

Góð reynsla Norðmanna af endurgreiðslu rannsókna- og þróunarkostnaðar fyrirtækja og áframhaldandi uppbygging í fjárlagafrumvarpi 2014


Árið 2002 var skattalögum í Noregi breytt þannig að lögaðilar, sem stunda rannsókna- og þróunarstarf, fengu heimild til viðbótarfrádráttar frá tekjuskattsstofni, allt að 20%, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Fyrirkomulagið hefur verið rekið undir nafninu

SkattFUNN (www.skattefunn.no) og tóku íslensku lögin frá árinu 2009 að verulegu leyti mið af þeim norsku.

Í janúar 2008 lögðu Norðmenn fram skýrslu um mat á þessu kerfi, en þar kemur fram að mjög góður árangur hafi náðst og almenn ánægja ríki með þetta fyrirkomulag meðal fyrirtækja í Noregi og samtaka þeirra NHO.

Sjá nánar: <https://www.ssb.no/bedrifter-foretak-og-regnskap/artikler-og-publikasjoner/evaluering-av-skattefunn>

Ein ástæða þess að íslensk stjórnvöld gætu viljað lækka endurgreiðsluhlutfallið úr 20% og 15% gæti verið áhyggjur tengdar auknum fjölda umsókna og verkefna sem hljóta endurgreiðslu. Ef horft er til reynslu Norðmanna ætti sá ótti að vera ástæðulaus því allar líkur eru á að toppnum verði fljótlega náð að sjálfu sér því það eru takmörk fyrir því hvað fyrirtækin sjálf geta lagt mikla fjármuni í rannsóknir og þróunarstarf.



Mynd 2: Fjöldi umsókna og samþykkt verkefni í norska SkatteFUNN kerfinu 2002-2012

Mynd 2 lýsir þróun umsókna og samþykkt verkefna í norska kerfinu og sýnir að toppnum í fjölda umsókna var náð strax á öðru ári kerfisins. Hjá okkur gæti tekið eitthvað lengri tíma að ná toppnum þar sem ekki hefur verið gert jafnmikið úr kynningu á íslenska fyrirkomulaginu og í Noregi. Ástæðan fyrir því að umsvifin hjaðna eftir að toppnum er náð á öðru til þriðja ári er að fyrirtækin þurfa sjálf að fjármagna verkefnin áður en til endurgreiðslu kemur. Það eru takmörk fyrir því hvað fyrirtækin geta lagt mikla fjármuni í r&þ starfsemi og því kemst sjálfkrafa jafnvægi á kerfið tiltölulega hratt.

Í fjárlögum 2014 hyggjast Norðmenn nú auk hámark viðurkennds kostnaðar sem fyrirtækin geta fengið viðurkenndan úr 11 mNOK í 22 mNOK. Þetta er augljóslega gert til að koma frekar til móts við þarfir stærri fyrirtækja í nýsköpun. Þakið samsvarar 440 milljónum íslenskra króna og getur hámarks endurgreiðslan því numið um 90 mISK samkvæmt norska kerfinu eftir þessa breytingu, eða þrefalt það sem íslenska kerfið hefur að bjóða. Sjá nánar: <http://blog.visma.com/blog/proposed-norwegian-fiscal-budget-2014/>

Góð reynsla er einnig að byggjast upp á Íslandi

Þó það sé e.t.v. fullsnemmt að meta áhrifin af lögunum frá 2009 á Íslandi en ljóst er að þau hafa mætt brýnni þörf hjá fyrirtækjunum og komið inn á örlagastundu á erfiðum



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



tímum í fjármögnun fyrirtækjanna. Samkvæmt upplýsingum frá Rannís hafa um hundrað fyrirtæki nýtt sér fyrirkomulagið í fjölbreyttum verkefnum. Árangur af þessum verkefnum er þegar farinn að koma í ljós svo um munar.

Best er að láta umsagnir fyrirtækjanna sjálfra um þetta fyrirkomulag eiga síðasta orðið, en frekari gagnasöfnun um árangurinn af fyrirkomulaginu er í gangi.

Fyrirtæki 1

Að jafnaði eru 20-30% af tekjum okkar sem koma frá vörum sem þróaðar hafa verið undanfarnir 3 ár (og teljast þannig nýhönnun). Það þýðir um 80 til 120 milljónir USD á ári. Þróunardeildin á Íslandi veitir um 16 milljónum USD á ári. Stærsti einstaki hluti þess eru laun og launatengd gjöld og annar stærsti hlutinn eru innkaup, mikið af því þjónusta innlendra fyrirtækja.

Endurgreiðsla þróunarkostnaðar gerir það hagkvæmari kost að reka deildina hérlendis en ella.

Fyrirtæki 2

Undanfarnir 2 ár höfum við nýtt okkur skattafrádrátt rannsókn- og þróunarverkefna. Þessi skattvæðing hefur gefið stjórnendum og stjórn fyrirtækisins svigrúm til að fara í markvissa nýsköpun sem skilað hefur fyrirtækinu miklum árangri á erlendri grundu.

Á aðeins þremur árum höfum við náð þróa vöru sem í dag er seld til 4.000 fyrirtækja í 95 löndum og er þýdd á 13 tungumálum. Veltan í ár verður yfir 300 milljónir króna og er veltuaukningin milli ára yfir 100%. Þessi fjárfesting hefur skapað yfir 30 hátæknistörf og eru viðskiptavinir okkar fyrirtæki eins og Dell, Intel, Samsung, ebay, Sony Music, MTV, amazon, og Oracle.

Hafinn er undirbúningur að markaðssetningu tveggja nýrra vara og verða þær settar á markað í lok ársins. Nýju vörurnar eru náskyldar núverandi vöru þannig að miklar líkur eru á því að erlendar tekjur hjá okkur muni aukast til muna á næstu árum og að fjölga þurfi hátæknistörfum innan fyrirtækisins.

Í okkar atvinnugrein skiptir engu máli hvar fyrirtækið er staðsett. Öll fyrirtæki standa jafnfætis gagnavart alþjóðlegum markaði. Það eina sem skiptir máli er að opinberir aðilar övri nýsköpun til að auka framleiðni og verðmætasköpun í landinu.

Fyrirtæki 3

Endurgreiðsla á R&B kostnaði hefur reynst félaginu mjög mikilvæg og kemur nú í ár á örlagastundu þegar ekki var hægt að fá hlutafé inn í félagið. Á síðustu árum hefur reynst ákaflega erfitt er að fá fjárfesta að nýsköpunarverkefnum og verkefnið hefur tafist vegna þess hversu mikill tími hefur farið í að sækja og finna fjármagn. Nú nýlega var formlega gengið frá samstarfssamningi við erlendan aðila í Evrópu og að framleiðsla og sala hefjist eftir byrjun árs 2014.

Endurgreiðsla R&B kostnaðar er mikill stuðningur og hvati fyrir fyrirtæki og fjárfesta í nýsköpun. Endurgreiðslan í ár hjá okkur er forsenda fyrir því að hægt er að klára verkefnið með nýjum samstarfsaðila.

Fyrirtæki 4

Ég vil koma því að hvað varðar endurgreiðslukerfi rannsókna og þróunar, að þrátt fyrir að einungis séu um 5 fyrirtæki sem fari yfir þökin þá er mikilvægt að taka þökin af. Það mun bæði hafa áhrif á ákvarðanatöku þessara 5 fyrirtækja og vera sölupunktur fyrir Ísland í viðræðum við erlenda fjárfesta. Eftir að þökin hafa verið tekin af er líka mjög eðlilegt að fyrirtæki sem eru með endurgreiðslu sem er yfir ákveðnu marki séu ekki að senda inn umsóknir í Tækniþróunarsjóð, enda á þeim tíma, með engum þökum, mun betra að þau nýti almenna kerfið heldur en að þessi fyrirtæki séu að útvista þróunarákvörðunum til Tækniþróunarsjóðs. Þá getur Tækniþróunarsjóður einbeitt sér að verkefnum í fyrirtækjum sem eru undir mörkunum og heildarregluverkið sem lýtur að rannsóknum, þróun og nýsköpun á Íslandi allt mun markvissara.

Fyrirtæki 5

Frá árinu 2005 hafa orðið gríðarmiklar breytingar í starfsumhverfinu, bæði á Íslandi og erlendis, og fyrirtækið sjálft hefur gengið gegnum breytingar með samruna erlendra fyrirtækja sem nú eru hluti af fyrirtækinu. Í dag er heildarvelta fyrirtækisins yfir 700 milljónir evra og alls starfa um 4 þúsund manns hjá okkur, þar af um 500 á Íslandi. Til samanburðar var velta fyrirtækisins árið 2005 um 120 milljónir evra og starfsmenn á Íslandi voru rúmlega 300.

Fyrirtæki 6

Við höfum nokkrum sinnum fengið styrk úr Tækniþróunarsjóði á undanförunum árum og einnig fengið endurgreiðslu af þróunarkostnaði. Hvoru tveggja hefur reynst okkur ákaflega dýrmætt og í raun verið vendipunkturinn í nokkrum þróunarverkefnum. Við keppum á alþjóðamarkaði og framúrskarandi vara er lykilatriði í harðri samkeppni á heimsvísu.

Velta 2005 = 2.4 mkr

Starfsmannafjöldi 2005 = 3

Velta 2012 = 129 m.kr., þar af 93% erlendar tekjur

Starfsmannafjöldi 2012 = 8.5

Starfsmannafjöldi í dag = 10



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Fyrirtæki 7

Upplýsingar um vöxt, þar hefur stuðningur Tækniþróunarsjóðs og endurgreiðslur R&P skipt sköpum:

	2005	2012	
Velta, millj. ISK	54	506	(þar af 270 Millj. ISK í gjaldeyristekjur)
Fjöldi starfsmanna	12	39	

Veltan 2005 var útgjaldavelta en 2012 er tekjuvelta.

Fyrirtæki 8

Ég tiltek sérstaklega smásöluveltu, þar sem styrkur Tækniþróunarsjóðs nýttist til rannsóknar á virku efni á okkar sviði sem síðar leiddi til þróunar á nýjum húðvörum.

Velta ársins 2005 í smásölu húðvara var 278m ISK en var 810m ISK árið 2012.

Meðalfjöldi starfsmanna í fyrirtækinu m.v. heilsársstörf var 105 árið 2005 en 163 árið 2012.

Fyrirtæki 9

Tilfinningin okkar megin (í þessum fyrirtækjum) er að alltof litlum peningum sé varið í að styrkja nýsköpun. Styrkir úr Tækniþróunarsjóði hafa t.a.m. staðið í stað í ég veit ekki hversu mörg ár og í dag duga varla fyrir 1 stöðugildi. Þegar árar eins og núna þurfa stjórnálamenn einmitt að vera hugrakkir og átta sig á því að fjárfesting í grasrótinni, nýsköpun og uppbyggingu er eina leiðin úr vandræðunum. Í okkar tilfelli þá vorum við 6 sem störfuðum hjá fyrirtækinu árið 2005 en í dag erum við með 31 starfsmann. Veltan hefur vaxið úr 43mkr árið 2005 í 330mkr í fyrra.

Okkar vörur eru mjög framarlega á markaði sem vex gríðarlega hratt og við höfum tækifæri til að margfalda veltuna okkar yfir næstu ár en það er allveg ljóst að aðstaður á Íslandi í dag eru okkur ekki hliðhollar. Ef yfirvöld skera niður í þessum málaflokki þá væri það mikið reiðarslag.

Fyrirtæki 10

Velta (Tekjur) 2005 var:	648,5 mkr.	Ársverk voru:	44
Velta (Tekjur) 2012 var:	3.285,0 mkr.	Ársverk voru:	57

Fyrirtæki 11

Eftirfarandi tafla sýnir vel jákvætt greiðsluflæði fyrirtækisins gagnvart ríkissjóði nær allan uppbyggingartíma þess. Stuðningur Tækniþróunarsjóðs og endurgreiðslur vegna R&P gegna hér lykilhlutverki í hraðri uppbyggingu fyrirtækisins. Arðsemi ríkissjóðs að þessum tveim stuðningsaðgerðum er óvíræð og afar mikil.

Upplýsingasöfnun, Tækniþróunarsjóður og endurgreiðsla R&P

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013 áætlun
Gunnupplýsingar								
Sölutekjur	0,0	0,0	0,0	154,0	160,0	163,0	535,0	880,0
þar af útflutningur ca. 97%	0,0	0,0	0,0	140,0	150,0	160,0	520,0	860,0
Launagreiðslur, heild	0,0	8,0	20,0	60,0	100,0	115,0	150,0	350,0
Tekjur ríkisins af fyrirtæki X í forml tekjuskatta, útsvars, og tryggingagjalda og tekjuskatts								
Reiknaður Tekjuskattur starfsm	0,0	3,5	9,1	23,4	29,9	33,1	49,7	112,9
Tryggingagjald	0,0	0,5	1,3	4,1	6,5	7,5	9,9	23,2
Tekjuskattur Fyrirtæki X	0,0	0,0	0,0	2,2	7,4	8,4	22,0	37,7
Tekjur ríkisins af fyrirtæki X, samtals	0,0	4,0	10,4	29,7	43,8	49,0	81,6	173,8
Framlag ríkisins til fyrirtæki X í forml styrkja og endurgreiðslu vegna þróunar								
Styrkir Tækniþróunarsj og Rannis	0,0	4,0	16,6	24,0	17,0	9,0	9,0	9,0
Endurgr. RSK v/nýsk.					19,7	20,0	22,3	25,0
Framlag ríkisins samtals	0,0	4,0	16,6	24,0	36,7	29,0	31,3	34,0
Mismunur	0,0	0,0	-6,2	5,7	7,1	20,0	50,3	139,8
Uppsafnað í Milljónum ISK								
Sölutekjur	0,0	0,0	0,0	154,0	314,0	477,0	1.012,0	1.892,0
Tekjur ríkisins af fyrirtæki X, samtals	0,0	4,0	14,4	44,1	87,9	136,9	218,5	392,3
Framlag ríkisins samtals	0,0	4,0	20,6	44,6	81,3	110,3	141,6	175,6
Mismunur	0,0	0,0	-6,2	-0,5	6,6	26,6	76,9	216,7

Mynd 3: Tekjur ríkisins og framlag til fyrirtækis. Mismunurinn í neðslu línu sýnir nettó uppsafnaða greiðslustöðu ríkissjóðs, sem er 216,7 mkr. á uppbyggingartímabili fyrirtækisins.